



Steinunn Bergmann,
formaður Félagráðgjafafélags Íslands

Ávarp formanns Félagráðgjafafélags Íslands

Þegar litið er yfir starfsárið 2025 til 2026 er efst í huga ánægjulegt samstarf við félagsfólk á ýmsum vettvangi. Félagið heldur áfram að vaxa og voru félagar í lok árs 2025 um 700, þar af 591 með stéttarfélagsaðild en 566 árið á undan. Meðalaldur félagsfólks er 44 ár og eru konur í miklum meirihluta, eða 95% félaga. Félagið leitar áfram leiða til að styðja félagsfólk og efla fagið en þar gegna fagdeildirnar tólf lykilhlutverki. Nauðsynlegt er að vekja máls á vaxandi álagi á félagráðgjafa og annað framlínufólk innan velferðarþjónustu. Álagið hefur farið stigvaxandi og leita þarf lausna til að tryggja velferð og öryggi bæði starfsfólks og þeirra sem treysta á velferðarþjónustu.

Félagið hefur leitað ýmissa leiða til að skoða vinnuumhverfi félagráðgjafa og hlutverk félagsins. Liður í því var að boða til stefnumótunardags 11. september 2025 þar sem rætt var um

stöðu félagráðgjafar í dag og hvert eigi að stefna næstu árin. Einnig var rætt um hvað þurfi að bæta í starfi Félagráðgjafafélags Íslands og hvað ætti að vera í forgangi næstu árin. Þá var fjallað um tæknilegar áskoranir í daglegu starfi félagráðgjafa og hvernig við nýtum tækifæri í breyttu samfélagi. Umræðum var skipt eftir fagdeildunum 12 þar sem tækifæri gafst til að halda fram sjónarmiðum þeirra, sjá nánar á bls. 12.

Einn liður í starfi Félagráðgjafafélags Íslands er að efla umræðu um stöðu viðkvæmra hópa og hélt félagið málþing í samstarfi við fagdeild fjölmenningsfélagsráðgjafa 18. nóvember 2025. Yfirskrift málþingsins var: *Heimurinn er hér, samfélag í mótun – hvert stefnum við?* Yfirlasarar voru frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, UNICEF, sveitarfélaginu Árborg og Menntavísindasviði HÍ. Þá flutti Edda Ólafsdóttir, félagráðgjafi og ein af

stofnendum fagdeildarinnar, hugvekju um þróun málaflokksins þar sem hún leit yfir farinn veg við starfslok.

Félagið var einnig með morgunverðarfund 10. desember 2025 í til efni alþjóða mannréttindadagsins í samstarfi við fagdeild félagráðgjafa í félagsþjónustu. Yfirskrift fundarins var *Mannréttindi byrja heima* og rætt var um húsnæðisöryggi sem grunnmannréttindi. Yfirlasarar voru frá Vesturmiðstöð Reykjavíkurborgar, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Vörðu – Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, Kvennaathvarfinu, Ellunni – stuðningsúrræði fyrir einstæða foreldra og Þúfunni – áfangaheimili fyrir konur.

Félagráðgjafafingjið var á sínum stað 20. febrúar 2025 undir yfirskriftinni *Tengslamiðuð félagráðgjöf og stafræn vegferð*. Aðalfyrirlasari dagsins var Helle Øbo, forstjóri Askov-Fonden, stofnunar sem vinnur að samfélagslegum lausnum og bætttri



Steinunn í viðtali á RÚV 2025

félagsþjónustu í Danmörku. Í erindinu benti hún á að besta hjálpin byggðist á persónulegri nálgun og skilningi á aðstæðum einstaklingsins. Einnig voru kynntar niðurstöður og framkvæmd stefnumótunardags FÍ og niðurstöður könnunar síðanefndar FÍ sem varpa ljósi á ofbeldi gagnvart félagsráðgjöfum á Íslandi. Þá var stefna stjórnvalda varðandi stafræn tækifæri í félagsþjónustunni kynnt og pallborðsumræður fóru síðan fram undir stjórn Þóru Tómasdóttur fjölmiðlakonu. Ragnar Þór Ingólfsson félags- og húsnæðismálaráðherra flutti ávarp. Dagskrá eftir hádegi hófst með umræðustofum fagdeilda þar sem rætt var um hlutverk fagdeilda innan FÍ, tækifæri og áskoranir á fagsviðinu og hvernig efla má störf fagdeilda innan félagsins. Þá fóru fram 14 málstofur/vinnusmiðjur þar sem félagsráðgjafar fjölluðu um fjölbreytt verkefni á vettvangi auk rannsóknna, sem sýnir þá miklu grósku sem býr innan stéttarinnar, sjá nánar á bls. 10-11.

Alþjóðasamtök félagsráðgjafa hafa um árabil lagt áherslu á félagsráðgjöf og sjálfbærni í takt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Samtökin hafa sett sér markmið þar sem vakin er athygli á ákveðnum þemum út frá heimsmarkmiðunum. Alþjóða félagsráðgjafardagurinn var 17. mars sl. og með þema ársins, *Að byggja saman von og sátt: Harambee-ákall til að sameina klofið þjóðfélag*, er lögð áhersla á hið mikilvæga hlutverk félagsráðgjafar að sameina fólk þvert á samfélög, menningarheima og kerfi, til að móta opnari og sjálfbærari framtíð. Í tilefni alþjóðadagsins efndi félagið til vinnusmiðju til að ræða vinnuumhverfi félagsráðgjafa. Umræður fóru fram á sjö borðum og einn hópur var á Teams. Helstu niðurstöður voru kynntar í lok dags og komu fram skýr skilaboð til stjórnvalda. Velferðarkerfi sem býður fagfólki upp á ómögulegar aðstæður getur ekki tryggt farsæld þeirra sem til þess leita. Í kjölfarið var boðað til raf-ræns fundar 27. mars til að kynna nið-

urstöður fyrir öllu félagsfólki. Nánar er fjallað um vinnusmiðjuna á bls. 13.

Niðurstöður umræðna á stefnumótunardegi FÍ, umræðustofa fagdeilda á Félagsráðgjafapingi og umræðna á alþjóðadegi félagsráðgjafar eru mikilvægt vegfesti í starfi Félagsráðgjafafélags Íslands næstu misserin og til framtíðar. Þær eru einnig sýnilegar í Tímariti FÍ og annarri miðlun á vegum félagsins. Stjórn félagsins vinnur áfram með niðurstöðurnar og munu þær endurspeglast í verkefnum félagsins í bráð og lengd. Þemað er vinnuumhverfi, handleiðsla og fagþróun sem felur í sér margvísleg verkefni í samstarfi við félagsfólk.

Viðtal við Steinunni er að finna í hlaðvarpi FÍ

